

# Beinafundur í Önundarholti

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon



2

# Beinafundur í Önundarholti

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon



Ljósmynd á forsíðu: Horft til suðausturs yfir bæjarhlaðið í Öndarholti. Bæjarhúsin eru til vinstri. Lagnaskurður er fyrir miðri mynd. Grafirnar þrjár sem fundust eru í skurðinum fyrir framan vélgröfuna.

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.  
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

# Efnisyfirlit

## Contents

Aðdragandi .....	5
Beinafundur .....	5
Vettvangsrannsókn .....	5
Lagnaskurður .....	5
Lýsing sniðs og flatarteikningar: .....	6
Gröf I .....	9
Gröf II .....	9
Gröf III .....	9
Niðurstaða rannsókna .....	9
Aðrar minjar .....	9
Mannvirki .....	9
Brunnur .....	9
Rústasvæði .....	9
Önundarleiði .....	9
Heimildir .....	11
Beinaskýrsla .....	12



# Beinafundur í Önundarholti

## Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon

### Aðdragandi

Vilhjálmur Guðmundsson hafði samband við Þjóðminjasafnið þann 25. apríl 2000 og sagði að malarnám færi nú fram í landi Önundarholts í Villingaholtshreppi (8707). Vildi hann þess vegna vekja athygli á minjum í landi Önundarholts. M.a. væri þar svonefnt Önundarleiði sem væru friðlýstar minjar. Ekki væri nú nákvæmlega vitað hvar sá staður væri því líklega hefði verið jafnað yfir hann fyrir löngu þegar túnið var sléttað.

Vilhjálmur taldi að sá staður væri sennilega ekki þar sem leiðið hefði verið en aðrar minjar gætu verið þar í hættu, t.d. vörður sem lágu að beitarhúsum. Hann nefndi einnig að í Önundarholti hefði verið sundlaug, túngarðar, stekkir og svonefnt Önundarholtskot.

Hann greindi jafnframt frá því að skipta ætti um jarðveg heima við bæinn. Þar hefði m.a. komið í ljós mjög vel varðveittur brunnur þegar grafið var fyrir vatnsleiðslu árið 1953. Vilhjálmur var bóndi í Önundarholti í um 40 ár. Nú býr þar sonur hans Guðmundur Vilhjálmsson.

Haft var samband við Guðmund Vilhjálmsson daginn eftir, þann 26. apríl, og grennslast frekar fyrir um framkvæmdir á staðnum. Hann staðfesti að svonefnt Önundarleiði væri alllangt frá malarnámunni en að þúst við námuna gæti verið merki um einhverjar minjar. Hafði hann gefið verktökum fyrirmæli um að ekki mætti nálgast þá þúst.

Ekki taldi Guðmundur að á hlaðinu væri mikið að finna þar eð bærinn hefði verið fluttur seint á síðustu öld.

Fyrirhugað var að fara á staðinn og kanna aðstæður í framhaldi af samtalinu en af því varð ekki.

### Beinafundur

Snemma morguns þann 13. júní 2001 tilkynnti Guðmundur bóndi í Önundarholti Þjóðminjasafni Íslands að komið hefðu upp mannabein í lagnaskurði þegar verið var að grafa fyrir vatnsleiðslu milli bæjar og fjóss kvöldið áður. Óskaði hann eftir að Þjóðminjasafn sendi fornleifafræðinga á staðinn þegar í stað til að kanna fundinn betur. Kvaðst hann jafnframt vera að reisa vélahús á hlaðinu og að erfitt væri fyrir hann að stöðva framkvæmdir og hafa fjósið vatnslaust nema um skamman tíma.


### Vettvangsrannsókn

Í framhaldi af samtalinu voru kannaðar ýmsar heimildir um Önundarholt til að athuga hvort þar hefði ekki verið kirkja, en engar heimildir fundust um að þar hefði nokkurn tíma verið kirkja eða bænhús. Önundarholt er landnámsbýli og þar er Önundur bíldur sagður hafa búið.<sup>1</sup> Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri fornleifa-deildar, Kristinn Magnússon, fornleifafræðingur og Magnus Hellqvist, fornvistfræðingur, fóru þegar af stað og voru komnir austur í Önundarholt fyrir hádegi. Dvöldu þeir við rannsókn á staðnum þann dag og næsta dag á eftir.

### Lagnaskurður

Er komið var á staðinn var búið að grafa skurð milli íbúðarhúss og fjóss fyrir nýrri vatnslögn í fjósið. Skurðurinn er tekinn í boga frá suðvesturhluta íbúðarhúss og liggur síðan til vesturs að suðurhlið fjóssins. Þar beygir hann aftur til suðvesturs. Skurðurinn er 0,9 m breiður og um 60 m langur.

<sup>1</sup> Sveinn Nielsson 1950, Prestatal og prófasta, Íslenskt fornbréfasafn, Íslensk fornrit I:374.



Afstöðuteikning af bæjarhúsum, lagnaskurði og vélahúsi.

Skurðbakkar og skurðbotn voru hreinsaðir fram og teiknaðir. Á um 6 m löngum kafla skammt vestan við íbúðarhúsið komu í ljós leifar af þremur gröfum sem skurðurinn hafði farið í gegnum að hluta. Í gröf I sáu mannabein neðst í gröfinni og í uppmokstri á skurðbakka voru fleiri bein sýnileg, m.a. höfuðkúpubein. Öllum lausum beinum var safnað saman, en ekki var hróflað við beinum sem voru á sínum stað í gröf I.

Teiknað var 8 m langt snið af norðurbakka skurðarins þar sem hann fór yfir grafirnar og flatarteikning af sama svæði. Einnig var gerð lausleg afstöðuteikning af hlaði, íbúðarhúsi, fjósi, lagnaskurði og grunni vélahúss og teknar ljósmyndir.

Ekki fundust fleiri grafir í skurðinum en þær þrjár sem nefndar hafa verið. Í skurðinum vestan við grafirnar var framhald af moldarlagi nr. 2 og lagi nr. 10 í sniðinu, en eftir því sem vestar dró þynntust þau og í staðinn kom móöskulag sem fór þykkandi.

Leifar af hleðslum úr torfi og grjóti voru á stöku stað, en þeim voru ekki gerð frekari skil.

Vestast í skurðinum þar sem hann beygði til suðvesturs varð vart við hleðsluleifar ofarlega. Var ákveðið að leggja vatnslögnina ofan á þessar hleðslur.

#### Lýsing sniðs og flatarteikningar:


1. Uppfylling. Möl.
2. Brún mold. Lagskipt, blönduð torfusneplum og móösku.
3. Grár sandur. E.t.v. gjóska, 0,5 - 1 cm þykkt lag.
4. Móaska. Fjólubleik að lit.
5. Brún mold. Lagskipt, blönduð torfusneplum

og móösku. Sama og lag 2.

6. Grábrúnt lag. Dökkt. Í laginu eru svartar rendur, e.t.v. gjóska. Neðarlega í laginu virðist vera landnámsgjóska í torfi. Þetta er líklega veggur.
7. Grábrún mold. E.t.v. hrun ú vegg.
8. Mörk elstu mannvistarleifa. Undir þessu lagi er óhreyfður forsögulegur jarðvegur.
9. Skil milli laga. Ógreinileg skil milli moldarlagsins nr. 2 og bl. moldarlagsins nr. 10.
10. Blönduð móbrún mold. Í þessu lagi er engin lagskipting.
11. Brún mold. Neðst í laginu eru svartir gjóskublettir og e.t.v. landnámsöskublettir.
12. Brún mold.
13. Grár sandur. E.t.v. gjóska, 0,5 cm þykk.
14. Brún mold.
15. Dökkt gjósku- og gróðurlag.
16. Gulbrún mold, um 4 - 5 cm þykk.
17. Blönduð grá gjóska og mold, um 2 cm þykk.
18. Ljósbrún mold.
19. Dökkbrún mold og gjóska.
20. Ljósbrún mold.
21. Brúnt torf. A.m.k. þrjú lög eru sýnileg í sniðinu, hvert um sig 5 - 6 cm þykkt. Landnámsgjóska virðist vera í einni torfunni.
22. Gröf I. Blönduð mold og möl. Fyllingarlag. Gröfin virðist hafa verið grafin gegnum torfhleðslu nr. 21.
23. Mannabein neðst í gröf I.
24. Gröf II. Útlínur grafar í skurðbotni.
25. Gröf III. Útlínur grafar í skurðbotni.

Sniðið sýnir að undir um 0,2 m þykkri malaruppfyllingu á hlaðinu eru mannvistarlög sem eru um

Öndarholt  
 Villingaholtshreppi 8707  
 Snið og flatarteikning í lagnaskurði  
 Teikn. 13. júní 2001 - mælikvæði: 1:20  
 Guðmundur Ólafsson/Kristinn Magnússon



Snið- og flatarteikning af þeim hluta skurðarins sem grafirnar fundust í.





Gröf I. Vel sést móta fyrir útlínunum suðvesturhorns grafarinnar í skurðbotni. Ljós bein sem standa út úr skurðbakka á botni grafarinnar eru hluti af beingrind.



Gröf II. Í skurðbotni mótar fyrir norðvesturhorni grafarinnar. Í skurðbakkanum sést hvernig gröfin hefur farið gegnum 50 cm þykk mannvistarlæg og niður í óhreyfða ljósa mold. Svörtu gjóskulögin eru forsöguleg.



0,6 m þykk. Þetta eru lagskipt moldar- og móöskulög sem hafa hlaðist upp smám saman á bæjarstæðinu. Lag nr. 6 er veggjarhleðsla og neðst í henni mátti greina landnámsgjósku í torfi. Undir veggjarhleðslunni er um 10 - 20 cm þykkt blandað moldarlag (nr. 11) sem sýnir að allmikil jarðveg-sþykkun hefur átt sér stað áður en veggurinn er hlaðinn. Veggjarhleðslan er því ekki frá fyrstu öldum byggðar á staðnum. Jafnframt benda jarðlög nr 2, 5 og 10, sem liggja upp að og yfir hleðsluna, til þess að hún sé a.m.k. nokkurra alda gömul.

Efri skil grafar I voru svo óljós að ekki reyndist unnt að sjá greinileg skil milli hennar, og lags nr. 10. Hugsanlega er lag nr. 10 uppfyllingar- eða útjöfnunarlag sem hefur skemmt efsta hluta grafarinnar. Gröf I liggur alveg upp að hleðslunni vestan megin. Gröf III liggur alveg upp að hleðslunni austan megin. E.t.v. hafa grafirnar tengst veggjarhleðslunni með einhverjum hætti, t.d. ef hleðslan er hluti af kirkju eða kirkjugarðsvegg. Ekki var unnt að ráða af þeim upplýsingum sem fram komu í sniðinu í skurðinum hvort um tengsl væri að ræða. Lag nr. 8 markar fyrstu mannvist á staðnum. Undir lagi 8 eru lög nr. 12 - 20, sem eru forsöguleg jarðlög.

### **Gröf I**

Neðstu 50 cm fyllingarlagsins eru vel afmarkaðir en þar fyrir ofan eru mörkin afar óljós. Sennilega nær fyllingarlagið nokkru hærra upp, þar eð það virðist skera lag nr. 9. Ekki er þó hægt að slá því föstu. Í skurðbotninum sést um 0,9 m langur hluti af gröfinni.

### **Gröf II**

Gröfin er grafin um 30 cm niður í óhreyfðan jarðveg. Fyllingarlagið er a.m.k. 40 cm þykkt, blanda af mold og möl. Efri mörk lagsins eru óljós. Engin bein voru sýnileg í gröfinni. Þessi gröf er suðvestan við gröf I og er um 1 m á milli grafanna. Skurðurinn hefur farið gegnum norð-vesturhorn grafarinnar. Í skurðbotninum sést allt að 1,20 m langur hluti af gröfinni.

### **Gröf III**

Gröfin er 1,8 m austan við gröf I. Skurðurinn hefur skorið af norðausturhorni hennar. Neðsti hluti grafarinnar er 18 cm djúpur og fer um 10 cm niður í óhreyfðan jarðveg. Engin bein voru sýnileg í þessari gröf. Yfir gröfinni eru torfusneplar sem í er svört gjóska. Í skurðbotninum sést móta fyrir allt að 1,10 m löngum hluta af gröfinni.

## **Niðurstaða rannsókna**

Rannsóknin í lagnaskurðinum leiddi í ljós að grafreitir hefur verið í Önundarholti einhvern tíma fyrr á öldum. Ekki var unnt að aldursgreina hann með neinni vissu. Með tilliti til afstöðu jarðlaga má þó ætla að grafirnar séu líklegast frá því einhvern tíma á tímabilinu frá 13. - 17. öld. Ef ástæða þykir til að rannsaka eitthvað frekar í sambandi við staðinn, er hægt að fá nánari aldursákvörðun með því að senda sýni úr beinum til geislakolsaldursgreiningar.

Grafreitirinn er vafalaust úr kristni þó að engar heimildir hafi fundist um kirkju eða bænhús í Önundarholti. Ólíklegt verður að teljast að þarna hafi getað staðið kirkja mjög lengi án þess að hennar sé neins staðar getið. Öðru máli gegnir um bænhús sem ekki nutu tíundar. Ekki hefur alltaf þótt ástæða til að nefna þau. Beinafundir víða um land sýna að grafreitir hafa verið mun víðar en getið er um í heimildum. Líklegt má telja að slíkir grafreitir hafi verið verið í tengslum við bænhús og þjónað sem legstaðir fyrir ábúendur viðkomandi bæja.<sup>2</sup>

Beinarannsókn leiddi í ljós að þarna voru bein af rúmlega þrítugri konu. Innbyrðis afstaða grafanna í skurðinum og samsetning beinanna bendir þó til þess að þau séu samtíningur úr fleiri en einni gröf.

## **Aðrar minjar**

### **Mannvirki**

Þegar skýrsluhöfundar komu í Önundarholt var búið að grafa grunn fyrir vélaskemmu og byrjað að fylla hann af möl. Hliðar grunnsins voru skoðaðar lauslega til að kanna hvort þar mætti sjá einhverjar mannvistarleifar. Á norðurhellingi vesturhliðar grunnsins reyndust vera leifar af allmiklum torfhleðslum. Þar hefur einhvern tíma staðið bygging sem nú er að mestu horfin. Að öðru leyti virtust mannvistarlögin helst vera öskuhaugur og blönduð mold. Í norðurhluta grunnsins voru mannvistarlögin að þynnast út.

### **Brunnur**

Á bæjarhlaðinu rétt sunnan við grunn vélaskemmunar hafði verið skafið um 40 cm þykkt lag af yfirborði. Þar kom í ljós gamall hringlaga brunnur sem er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er um 50 cm í þvermál. Steinarnir í hleðslunni

<sup>2</sup> Sbr. Hjalti Hugason 2000:170-208.



Gröf III. Neðsti hluti sem sýnir útlínur grafarinnar og hvar grafið er niður fyrir henni gegnum óhreyfð lög.



Horft ofan í brunninn á hlaðinu.





Horft til austurs yfir rústavæðið. Bæjarhóll Önundarholts er í baksýn.

eru að jafnaði um 10 cm þykkir og 10 - 20 cm langir. Brunnurinn breiðkar neðst og er þar um 70 cm breiður.

Að sögn Vilhjálms Guðmundssonar kom þessi brunnur líka í ljós árið 1953 þegar grafið var fyrir vatnsleiðslu.

### **Rústavæði**

Guðmundur Vilhjálmsson benti skýrsluhöfundum á fornt rústavæði sem er nokkur hundruð metrum vestan og neðan við bæjarhólinn. Þar var rústaþyrping í miklu þýfi og voru sumar mjög grónar og fornlegar að sjá. Taldi Guðmundur að þar gæti bærinn hafa staðið í upphafi. Ekki voru þessa rústir mældar upp eða kannaðar frekar að þessu sinni.

### **Önundarleiði**

Svonefnt Önundarleiði og svipaðar þúfur umhverfis, á móabrún við mýri fyrir norðaustan túnið, er friðlýstur staður í landi Önundarholts. Þar á að vera grafinn Önundur bíldur, landnámsmaður í Önundarholti. Sigurður Vigfússon fornfræðingur kom á staðinn árið 1880 og hugðist grafa upp leiðið, en var meinað að gera það af húsfreyju, sem kvaðst mundu ganga af bænum

ef hann hróflaði þar við nokkru.<sup>3</sup>

Búið er að slétta yfir Önundarleiði og telur Vilhjálmur að það hafi verið gert fyrir löngu, þegar túnið var sléttað. Ekki er því nákvæmlega vitað nú hvar þessar minjar væru.

Ekki vannst tími til þess að leita að Önundarleiði að þessu sinni.

### **Heimildir**

Brynjúlfur Jónsson 1906. Önundur bíldur. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*, bls 22-23. Reykjavík

Hjalti Hugason 2000. *Kristni á Íslandi I*. Frumkristni og upphaf kirkju. Reykjavík.

*Íslenskt fornbréfasafn I - XII 1857 - 76*. Kaupmannahöfn.

Landnámabók 1968. *Íslensk fornrit I*. Reykjavík.

Sigurður Vigfússon 1882. Rannsókn við Hauga-vað. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1882*, bls. 47 - 59. Reykjavík.

Sveinn Nielsson 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Reykjavík.

Örnefnalýsing Önundarholts 1985. Árni Magnússon.

<sup>3</sup> Sigurður Vigfússon 1882:55-57

# Beinaskýrsla

## Guðný Zoega

Leifar af eftirfarandi beinum komu upp og voru færð á Þjóðminjasafn til varðveislu við rannsóknina í Önundarholti. Guðný Zoega, minjavörður Austurlands, gerði þessa bráða-birgðagreiningu á tegund og fjölda beina.

2 lærbein  
1 sköflungur  
1 hælbein  
2 ristarbein  
Kjúkur og önnur fótarbein

1 fleygbein  
2 „eyrnabein“ (kletthluti gagnaugabeins)  
hluti höfuðkúpu (hvirfilbein)  
hluti axlarbeins  
1 fingurbein  
1 hluti rifbeins  
2 eyddar tennur, tannsteinn á M3  
1 tungubein  
Hálsliður/Banakringla  
Hálsliður/Standliður  
1 vinstri kjálki (allar tennur nema M1 og M3)

Beinin benda til þess að þau séu úr konu sem er líklega eldri en þrjátíu ára.

# Rannsóknaskýrslur 2001

1 Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur.  
Fornleifaskráning.  
Agnes Stefánsdóttir.

2 Beinafundur í Önundarholti.  
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.



ÞJÓÐMINJASAFN  
ÍSLANDS